ÞEKKINGAR NETIÐ

Í ÁTT AÐ INNGILDINGU

VIÐTALSRANNSÓKN MEÐAL ERLENDRA ÍBÚA Á NORÐURLANDI EYSTRA

ÞEKKINGAR NETIÐ

SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

© Þekkingarnet Þingeyinga 2026
Útgefandi: Þekkingarnet Þingeyinga - Hafnarstétt 1-3, 640 Húsavík
Netfang:hac@hac.is
Veffang: www.hac.is
Titill: Í átt að inngildingu: Viðtalsrannsókn meðal erlendra íbúa á starfssvæði SSNE
Höfundar: Ingibjörg Benediktsdóttir og Lilja B. Rögnvaldsdóttir
Umsjón með viðtölum: Ingibjörg Benediktsdóttir og Aðalbjörn Jóhannsson

ISBN: 978-9935-405-75-3

Öll réttindi áskilin. Óheimilt er að afrita skýrsluna, í heild eða að hluta, með nokkrum hætti, s.s. með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða öðrum hætti án skriflegs leyfis útgefanda.

ÞEKKINGAR NETIÐ

UM VERKEFNIÐ

Þekkingarnet Þingeyinga hlaut árið 2024 styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála til að framkvæma eigindlega rannsókn á reynslu og upplifun innflytjenda í Norðurþingi. Markmið verkefnisins var að afla hagnýtrar þekkingar um stöðu þessa ört stækkandi hóps og skapa traustari grunn fyrir sveitarfélög og stofnanir til að þróa þjónustu og úrræði sem mæta þörfum hans. Að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (SSNE) var umfang rannsóknarinnar víkkað út þannig að hún næði til alls starfssvæðis samtakanna og fjármagnaði SSNE þá viðbót.

Niðurstöður skýrslunnar byggja á 30 viðtölum við innflytjendur af fjölbreyttum uppruna sem bjuggu á Norðurlandi eystra á þeim tíma sem rannsóknin fór fram. Í viðtölunum var sjónum beint að reynslu þeirra af daglegu lífi, aðgengi að opinberri þjónustu og þátttöku í atvinnu- og menningarlífi. Jafnframt var kannað hvaða hindranir hefðu orðið á vegi þeirra og hvaða stuðningur eða úrræði hefðu reynst gagnleg. Lögð er áhersla á að varpa ljósi bæði á þær áskoranir sem snúa að félagslegri samþættingu og á jákvæð dæmi og lausnir sem geta nýst víðar. Með þessari nálgun er leitast við að draga upp heildstæða mynd af stöðu og þörfum innflytjenda út frá þeirra eigin sjónarhorni og styðja þannig við stefnumótun og umbætur í þjónustu sveitarfélaga og stofnana.

ÞEKKINGAR NETIÐ

EFNISYFIRLIT

UM RANNSÓKNINA
- Aðferð 3
- Helstu hugtök 5
- Rannsóknarsvæði 6

MEGINDLEGAR NIÐURSTÖÐUR
- Uppruni viðmælenda 7
- Aldur og búsetulengd 8
- Heimilisaðstæður 9
- Menntun og atvinna 10
- Atvinnustaða 11
- Félagsstarf 12
- íslenskukennsla 13
- Sjálfstraust tengt íslensku 14
- Upplýsingar 15
- Mismunun í samfélaginu 16
- Kosningar og áhrif 17
- Tenging við nærsamfélagið 20
- Aðgengi að þjónustu 21
- Gæði þjónustu 22

EIGINDLEGAR NIÐURSTÖÐUR
- Meginþemu 23
- Tungumálið 24
- Þjónusta 26
- Atvinna og menntun 27
- Félagsleg þátttaka 28
- Mismunun 30
- Lýðræðisþátttaka 31

SAMANTEKT 32

HEIMILDIR 33

AÐFERÐ

Rannsóknin byggir á blandaðri aðferð (e. *mixed-methods*) þar sem eigindlegum og megindlegum aðferðum er beitt samhliða til að varpa ljósi á samþættingu og félagslega þátttöku innflytjenda á Norðurlandi eystra. Markmiðið er að greina bæði upplifun og reynslu einstaklinga og jafnframt draga fram mælanleg mynstur sem geta nýst við stefnumótun og þróun þjónustu.

Fræðilegur rammi rannsóknarinnar byggir meðal annars á samþættingarlíkani Ager & Strang (2008), þar sem lögð er áhersla á lykilsvið samþættingar á borð við atvinnu, menntun, heilbrigði, félagsleg tengsl, réttindi, pólitíska þátttöku og tungumálafærni. Jafnframt er stuðst við hugmyndir Penninx & Garcés-Mascareñas (2016) um samþættingu sem bæði greiningarhugtak og stefnumótandi viðfangsefni. Við mótun spurninga um félagslega þátttöku og upplifun af samfélagslegri inngildingu var einnig litið til rannsókna Buckingham et al. (2018), auk rannsókna á lýðræðislegri þátttöku innflytjenda á Íslandi, svo sem hjá Eyþórsson (2019). Þá var tekið mið af íslenskum rannsóknum á stöðu innflytjenda í dreifðari byggðum, m.a. hjá Ragnarsdóttir et al. (2020).

Kjarni gagnaöflunar fólst í hálfstöðluðum viðtölum sem gerðu rannsakendum kleift að fylgja fyrirfram skilgreindu umræðuefni en jafnframt gefa rými fyrir persónulegar frásagnir og dýpri innsýn í reynslu þátttakenda. Viðtalsramminn náði til málefna á borð við tungumálanám, stöðu á vinnumarkaði, aðgengi að þjónustu, félagsleg tengsl, upplifun af mismunun og þátttöku í nærsamfélaginu. Eigindleg greining byggði á þemagreiningu samkvæmt aðferð Braun & Clarke (2006), þar sem mynstur og þemu voru greind kerfisbundið í svörum þátttakenda.

Samhliða opnum spurningum voru lagðar fyrir staðlaðar spurningar sem gerðu kleift að safna megindlegum gögnum um tungumálafærni, atvinnuþátttöku, aðgengi að þjónustu og lýðræðislega þátttöku. Þessi gögn voru greind með lýsandi tölfræði til að draga fram hlutföll og almenn mynstur í svörum. Um var að ræða tilgangsúrtak (e. *purposeful sampling*) í anda Palinkas et al. (2015), með það að markmiði að ná fram fjölbreytni hvað varðar uppruna, aldur, lengd búsetu, fjölskyldustöðu og stöðu á vinnumarkaði. Með því móti var leitast við að tryggja að ólíkar raddir og reynsla kæmu fram. Niðurstöður úr megindlegum spurningum lýsa samsetningu viðmælenda og gefa innsýn í niðurstöður viðtala en varast ber að draga of miklar ályktanir út frá þeim þar sem fjöldi svarenda var einungis þrjátíu.

Sérstök áhersla var lögð á siðferðileg sjónarmið. Upplýst samþykki var fengið frá öllum þátttakendum og trúnaður tryggður með nafnleynd og öruggri meðferð gagna. Viðtölin voru tekin á íslensku, ensku og pólsku og boðið var upp á túlkaþjónustu, en hún var afþökkuð í öllum tilvikum. Með þessari nálgun var leitast við að skapa traust og öruggt rými fyrir umræðu um viðkvæm málefni á borð við mismunun, jaðarsetningu og upplifun af aðgengi að réttindum og þjónustu. Með því að samþætta eigindlega dýpt og megindlega yfirsýn leitast rannsóknin við að veita heildstæða mynd af stöðu innflytjenda á svæðinu.

HELSTU HUGTÖK

FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA

Félagsleg þátttaka vísar almennt til þess að einstaklingur taki þátt í athöfnum sem fela í sér samskipti eða gagnvirkni við aðra í samfélaginu eða nærumhverfinu. Þetta getur verið í gegnum formleg og óformleg samskipti, félagsstarf, áhugamál, samfélagsviðburði eða aðrar athafnir sem tengja fólk saman.

INNGILDING

Stefna sem felur í sér að allir fái notið sín, óháð uppruna, kyni, hæfni eða fötlun, í skóla, á vinnumarkaði eða á öðrum vettvangi, og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur.

FORDÓMAR

Óréttlát eða fordómafull meðferð á mismunandi hópum fólks, til dæmis vegna þjóðernis, aldurs, kyns eða fötlunar. Birtast í daglegum aðstæðum.

HVERSDAGSFORDÓMAR

Birtast í daglegum aðstæðum. Ríkjandi hópar hafa meiri völd og ómeðvitaðar venjur þeirra geta haft neikvæð áhrif á minnihlutahópa, oft án þess að nokkur geri sér grein fyrir því. Hversdagsfordómar vísa til rótgróinna og „sjálfsagðra“ starfshátta sem viðhalda mismunun, bæði í daglegri hegðun og í kerfum samfélagsins.

RANNSÓKNARSVÆÐI

Alls voru tekin 30 viðtöl við erlenda íbúa á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (SSNE). Viðmælendur bjuggu í öllum sveitarfélögum á svæðinu nema tveimur, Tjörneshreppi og Svalbarðsstrandarhreppi. Úrtakið ætti því að endurspegla nokkuð breiða landfræðilega dreifingu meðal erlendra íbúa innan starfssvæðisins.

Viðtölin voru tekin á tímabilinu 24. júní 2025 til 21. janúar 2026. Framkvæmd þeirra var samkvæmt samkomulagi spyrils og viðmælanda, oftast á hlutlausum stað s.s. fundarherbergi eða kaffihúsi en í nokkrum tilfella á heimili viðmælenda.



Mynd: Samband sveitarfélaga

UPPRUNI VIÐMÆLENDA

Þátttakendur voru frá 18 löndum og flestir (73%) komu frá Evrópu. Um 13% viðmælenda voru frá Norður-Ameríku, 10% frá Asíu, og 3% frá Afríku. Innan Evrópu voru flestir (40%) úr austurhluta álfunnar. Þá komu 23% frá Vestur-Evrópu, 3% frá Suður-Evrópu og 7% frá Norðurlöndunum.
Leitast var við að ná sem bestri breidd innan hópsins hvað varðar uppruna þátttakenda á sama tíma og horft var til þess að hafa samsetningu hópsins í sem bestu samræmi við raunveruleg hlutföll.

UPPRUNI ÞÁTTTAKENDA



SKIPTING INNAN EVRÓPU (73%)



ALDUR OG BÚSETULENGD

Meðalaldur viðmælenda var 39,7 ár og miðgildi aldurs 40 ár. Út frá aldurssamsetningu hópsins má ætla að um sé að ræða fólk sem geti tekið þátt í atvinnulífi og samfélagi. Flestir viðmælenda voru kvenkyns eða um 67%, 30% voru karlkyns og 3% skilgreindu kyn sitt með öðrum hætti.
Meðalbúsetulengd viðmælenda á Íslandi var 10,2 ár með miðgildið 9 ár. Dreifing búsetulengdar var nokkuð jöfn og spannaði allt frá hálfu ári upp í 26 ár sem bendir til þess að stór hluti þátttakenda ætti að hafa talsverða reynslu af búsetu og samfélagsþátttöku á svæðinu þó rödd nýrri íbúa hafi einnig fengið að heyrast.

ALDURSSKIPTING



LENGD BÚSETU Á ÍSLANDI



HEIMILISAÐSTÆÐUR

Heimilisaðstæður þátttakenda voru fjölbreyttar Um þriðjungur viðmælenda (33%) bjó með maka og börnum, sem var algengasta heimilisformið í hópnum. Næststærsti hópurinn, 30%, bjó með maka en án barna á heimilinu.
Alls bjuggu 7% með barni eða börnum án maka og önnur 7% með foreldri eða foreldrum. Þá sögðust 17% búa ein eða einn, sem bendir til þess að nokkur hluti þátttakenda hafi verið án nánustu fjölskyldu á heimilinu. Um 7% svara féllu undir flokkinn „annað“, sem getur til dæmis vísað til búsetu með vinum, systkinum eða í öðrum samsetningum heimila.
Niðurstöðurnar sýna að meirihluti þátttakenda bjó með fjölskyldumeðlim af einhverju tagi, en jafnframt bjó verulegur hluti einn eða við aðrar aðstæður sem geta haft áhrif á félagslega stöðu, tengslamyndun og upplifun af samfélagsþátttöku.



MENNTUN OG ATVINNA

Sérstaklega var spurt um menntunarstig viðmælenda og hvort núverandi starf þeirra væri í samræmi við menntun. Erfiðara reyndist að ná til fólks með litla menntun og voru gerðar til þess ítrekaðar tilraunir með takmörkuðum árangri. Menntunarstig þátttakenda var því nokkuð hátt sem gæti haft áhrif á niðurstöðurnar. Alls voru 7% með doktorsgráðu, 27% með meistaragráðu og 30% með bachelorgráðu. Því voru samtals 64% þátttakenda með háskólamenntun. Þá höfðu 17% lokið iðnnámi, 13% framhaldsskóla og 7% grunnskóla sem hæstu menntun.



ATVINNUSTAÐA

Langflestir þátttakendur voru á vinnumarkaði þegar viðtölin fóru fram. Alls voru 83% í fullu starfi, 3% í hlutastarfi og 7% í tímabundnu starfi. Aðeins 3% voru ekki í vinnu og 3% voru í námi.

Umtalsverður hluti viðmælenda bjó yfir mikilli menntun eins og fram hefur komið, en talsverð vannýting menntunar virðist hafa verið til staðar, þar sem helmingur viðmælenda starfaði annað hvort ekki eða aðeins að hluta til í samræmi við menntun sína.

Þetta getur haft áhrif bæði á starfsánægju, tekjumöguleika og langtíma aðlögun að íslensku samfélagi.





FÉLAGSSTARF

Þátttakendur voru spurðir hversu oft þeir tækju þátt í félagsstarfi. Um 37% sögðust oft taka þátt og önnur 37% stundum. Um 27% sögðust taka sjaldan þátt í félagsstarfi.
Þeir sem svöruðu að þeir tækju sjaldan eða stundum þátt voru beðnir að tilgreina helstu ástæður þess að þeir tækju ekki oftar þátt. Algengasta ástæðan voru tungumálahindranir sem 50% nefndu. Þetta samræmist fyrri niðurstöðum um að virk tjáning á íslensku, sérstaklega tal og ritun, sé áskorun fyrir hluta hópsins og getur haft áhrif á þátttöku í félagslífi.
Skortur á tækifærum var næstalgengasta ástæðan (44%), sem bendir til þess að framboð eða aðgengi að viðeigandi viðburðum og starfi geti verið takmarkað, að minnsta kosti í upplifun þátttakenda. Þá nefndu 31% tímaleysi sem hindrun, sem gæti tengst vinnuálagi, fjölskylduaðstæðum eða öðrum skuldbindingum.
Færri nefndu áhugaleysi (13%), lítið framboð (6%) eða að vanta félaga til að fara með (6%). Niðurstöðurnar gefa til kynna að helstu hindranir séu fremur ytri aðstæður, sérstaklega tungumál og aðgengi, fremur en skortur á vilja eða áhuga til þátttöku.

HVERSU OFT TEKUR ÞÚ ÞÁTT Í FÉLAGSSTARFI



HVERJAR ERU HELSTU ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ ÞÚ TEKUR EKKI ÞÁTT



ÍSLENSKUKENNSLA

Meirihluti viðmælenda, eða 87%, hafði tekið námskeið í íslensku frá því að þeir settust að á svæðinu.
Þegar þeir voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með íslenskunámið kom í ljós að viðhorfin voru almennt jákvæð. Alls lýstu 31% yfir mikilli ánægju og 54% sögðust ánægð með námskeiðið. Samtals voru því 85% þeirra sem tóku afstöðu ánægðir eða mjög ánægðir með námið.
Á hinn bóginn sögðust 15% vera óánægð, en enginn viðmælandi lýsti yfir mikilli óánægju (0%). Niðurstöðurnar benda því til þess að íslenskunámið hafi nýst flestum vel, þótt rými sé til umbóta til að mæta betur þörfum allra þátttakenda.
Meðal ástæðna fyrir óánægju með námskeiðin kom fram að þau væru á erfiðum tíma, þau væru of auðveld og viðmælendur hefðu kosið framhaldsnámskeið. Einnig hefði mátt vera meiri áhersla á að þjálfa talað mál.

HEFUR ÞÚ TEKIÐ ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ?



ÁNÆGJA MEÐ ÍSLENSKUKENNSLUNA



SJÁLFSTRAUST TENGT ÍSLENSKU

Viðmælendur voru beðnir að meta sjálfstraust sitt í íslensku út frá fjórum megin þáttum, skilningi, lestri, skrifuðum texta og töluðu máli. Við mat á niðurstöðum var reiknað skor þar sem 1 táknaði ekkert sjálfstraust og 5 mjög mikið sjálfstraust. Niðurstöðurnar gefa til kynna að þátttakendur í rannsóknni upplifi almennt nokkuð gott sjálfstraust þegar kemur að skilningi, en minna í tjáningu, sérstaklega ritun.
Hæsta meðaltal mældist í færninni að skilja talað mál (3,7), sem bendir til þess að flestir telji sig geta fylgst með samtölum og upplýsingum á íslensku af nokkru öryggi. Sjálfstraust í lestri var svipað, eða 3,6, sem gefur til kynna að meirihluti telji sig ráða ágætlega við ritað mál. Eins og gefur að skilja hækkaði skorið eftir því sem búsetulengd jókst.

MAT VIÐMÆLENDA Á SJÁLFSTRAUSTI Á SKALANUM 1-5



Sjálfstraust í talmáli mældist 3,5 og er því nokkuð lægra en í skilningi og lestri, en þó yfir miðju kvarðans. Lægsta meðaltalið var í ritun, 3,0, sem bendir til þess að skrifleg tjáning á íslensku sé sá þáttur sem flestir upplifa sem mest krefjandi.
Heildarmyndin sýnir þannig að viðmælendur telja sig almennt hafa þokkalegt sjálfstraust í íslensku, en að virk tjáning, einkum skrif, sé veikari þáttur en móttaka og skilningur.

UPPLÝSINGAR

Spurt var á hvaða tungumáli þátttakendum þætti best að fá upplýsingar frá samfélaginu um þjónustu og viðburði. Niðurstöðurnar sýna að 44% viðmælenda kýs að fá upplýsingar á ensku og 41% á íslensku. Þá sögðust 11% helst vilja fá upplýsingar á sínu móðurmáli og 4% nefndu annað tungumál.

Þessar niðurstöður benda til þess að þörf sé fyrir upplýsingagjöf á að minnsta kosti á íslensku og ensku, þar sem samanlagt 85% þátttakenda kjósa annað hvort þessara tungumála. Jafnframt sýna niðurstöðurnar að 15% viðmælenda hefur þörf fyrir upplýsingar á móðurmáli sínu eða öðru tungumáli.

Tungumál og markviss upplýsingagjöf getur verið lykilþáttur í að efla þátttöku, bæta aðgengi að þjónustu og styrkja tengsl íbúa við nærsamfélagið.

FINNST ÞÉR BEST AÐ FÁ UPPLÝSINGAR FRÁ SAMFÉLAGINU UM ÞJÓNUSTU OG VIÐBURÐI Á ÍSLENSKU, MÓÐURMÁLI, ENSKU EÐA ÖÐRU TUNGUMÁLI



MISMUNUN Í SAMFÉLAGINU

Meirihluti viðmælenda kvaðst hafa upplifað mismunun í sínu sveitarfélagi. Alls sögðust 72% hafa orðið fyrir mismunun en 28% töldu sig ekki hafa upplifað slíkt.

Þeir sem sögðust hafa upplifað mismunun voru spurðir í hvaða samhengi hún hefði átt sér stað. Algengast var að hún kæmi fram í félagslegum samskiptum (65%) og á vinnumarkaði (65%). Þá töldu 45% að þeir hefðu upplifað mismunun í tengslum við aðgengi að þjónustu. Loks nefndu 15% að mismunun hefði átt sér stað í samskiptum við aðra innflytjendur.

Þessar niðurstöður benda til þess að mismunun hafi birst á mörgum sviðum daglegs lífs, bæði í formlegu og óformlegu samhengi. Sérstaklega vekur athygli hversu stór hluti þátttakenda nefnir reynslu tengda atvinnu og félagslegum samskiptum, sem eru lykilþættir í aðlögun og samfélagsþátttöku.

HEFUR ÞÚ UPPLIFAÐ MISMUNUN Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI?



Í HVAÐA SAMHENGI ÁTTI SÚ MISMUNUN SÉR STAÐ?



KOSNINGAR OG ÁHRIF

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu að rödd þeirra væri tekin til greina af sveitarfélaginu og nærsamfélaginu þegar kæmi að ákvörðunum sem varðaði þá sérstaklega. Alls töldu 40% að svo væri, 10% sögðu að það ætti við að einhverju leyti en helmingur þátttakenda (50%) taldi að rödd þeirra væri ekki tekin til greina.
Samkvæmt þessu upplifir verulegur hluti viðmælenda takmarkaða möguleika til áhrifa á málefni sem snerta eigið líf og stöðu í samfélaginu. Þrátt fyrir að helmingur þátttakenda upplifi að rödd þeirra hafi að minnsta kosti eitthvert vægi, er ljóst að traust og tilfinning fyrir raunverulegri þátttöku er ekki almenn.
Þegar spurt var um þátttöku í sveitarstjórnarkosningum eða öðrum lýðræðislegum ákvarðanaferlum í sveitarfélaginu kom í ljós að þátttakan skiptist jafnt: 50% höfðu tekið þátt en 50% ekki. Þessi niðurstaða sýnir að formleg þátttaka var til staðar hjá helmingi hópsins, en jafnframt að stór hluti nýtti ekki þær lýðræðislegu leiðir sem standa þeim til boða.
Saman gefa þessar niðurstöður vísbendingar um að þó að hluti viðmælenda hafi tekið virkan þátt í formlegum lýðræðisferlum, upplifi margir að áhrif þeirra á ákvarðanatöku séu takmörkuð. Það bendir til þess að mikilvægt sé að skoða hvernig megi efla bæði raunveruleg áhrif og upplifun íbúa af því að rödd þeirra skipti máli í nærsamfélaginu.

TELUR ÞÚ AÐ RÖDD ÞÍN SÉ TEKIN TIL GREINA AF SVEITARFÉLAGINU OG NÆRSAMFÉLAGINU ÞEGAR KEMUR AÐ ÁKVÖRÐUNUM SEM VARÐA ÞIG SÉRSTAKLEGA?



HEFUR ÞÚ TEKIÐ ÞÁTT Í SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM EÐA ÖÐRUM LÝÐRÆÐISLEGUM ÁKVARÐANAFERLUM Í SVEITARFÉLAGINU?



Þátttakendur voru spurðir hvort þeir upplifðu að innflytjendur ættu sér málsvara og fulltrúa í sveitarstjórn. Niðurstöðurnar sýna að aðeins 20% töldu svo vera, 7% sögðu að það ætti við að einhverju leyti en 63% töldu að innflytjendur ættu sér ekki málsvara í sveitarstjórn. Þá sögðust 10% ekki vita það.

Þessar niðurstöður benda til þess að skýr meirihluti viðmælenda hafi upplifað skort á fulltrúum innflytjenda á vettvangi sveitarstjórnar. Slík upplifun getur haft áhrif á traust til stjórnkerfisins og á tilfinningu fólks fyrir að tilheyra og hafa raunveruleg áhrif í nærsamfélaginu.

Þrátt fyrir þetta sýna svör við spurningu um fyrirhugaða þátttöku í næstu sveitarstjórnarkosningum jákvæðari mynd. Alls sögðust 67% ætla að kjósa, 17% sögðu nei og 17% sögðust ekki vita hvort þau myndu kjósa.

Þessi munur, annars vegar lítil trú á málsvörum innan sveitarstjórnar og hins vegar tiltölulega mikill vilji til að taka þátt í kosningum, gefur til kynna að áhugi á lýðræðislegri þátttöku sé engu að síður til staðar. Það má túlka sem tækifæri fyrir sveitarfélög til að efla samtal, sýnileika og raunverulega aðkomu innflytjenda að ákvarðanatöku.

UPPLIFIR ÞÚ AÐ INNFLYTJENDUR EIGI SÉR MÁLSVARA OG FULLTRÚA Í SVEITARSTJÓRN?



ÆTLAR ÞÚ AÐ KJÓSA Í NÆSTU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM?



Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu sig fá nægar upplýsingar um staðbundin málefni og stjórnsýsluferli. Aðeins 21% töldu svo vera, 36% sögðu að það ætti við að einhverju leyti og jafn stór hópur (36%) taldi sig ekki fá nægar upplýsingar. Þá sögðust 7% ekki vita það.

Niðurstöðurnar benda til þess að verulegur hluti viðmælenda upplifi skort á skýrum og aðgengilegum upplýsingum um starfsemi sveitarfélagsins og ákvarðanatökuferli. Takmarkað upplýsingaflæði getur haft áhrif á þátttöku, traust og möguleika íbúa til að fylgjast með og hafa áhrif á málefni sem varða þá.

Þegar spurt var hvort viðkomandi myndi íhuga að bjóða sig fram í næstu sveitarstjórnarkosningum, ef tækifæri stæði til boða, sögðust 30% myndu gera það, 23% sögðust mögulega myndu íhuga slíkt framboð en 47% sögðu nei.

Þessar niðurstöður sýna að þrátt fyrir að nær helmingur viðmælenda útiloki framboð, er engu að síður umtalsverður hópur, rúmlega helmingur, sem annað hvort var tilbúinn eða opinn fyrir því að íhuga framboð.

FINNST ÞÉR AÐ ÞÚ FÁIR NÆGAR UPPLÝSINGAR UM STAÐBUNDIN MÁLEFNI OG STJÓRNSÝSLUFERLI



MYNDIR ÞÚ ÍHUGA AÐ BJÓÐA ÞIG FRAM Í NÆSTU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM EF TÆKIFÆRI TIL ÞESS BYÐIST?



TENGING VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ

Spurt var hvort viðmælendur upplifðu tengingu við nærsamfélagið. Helmingur þátttakenda (50%) svaraði játandi, 30% sögðust finna fyrir tengingu að einhverju leyti og 20% töldu sig ekki finna fyrir tengingu við nærsamfélagið. Niðurstöðurnar benda þannig til þess að meirihluti þátttakenda upplifi að minnsta kosti einhver tengsl við samfélagið, þó að fimmtungur standi utan slíkra tengsla að eigin mati.

Þeir sem svöruðu „já“ eða „að einhverju leyti“ voru jafnframt spurðir hvar þessi tengsl væru helst. Algengast var að tengslin væru í gegnum samstarfsmenn (43%), sem undirstrikar mikilvægi vinnustaðarins sem félagslegs vettvangs. Þá nefndu 26% tengsl við aðra innflytjendur og 13% tengsl í gegnum trúfélög. Jafnframt nefndu 13% íþróttastarf og 9% fjölskyldu. Hluti þátttakenda (9%) taldi sig finna tengsl við alla í samfélaginu.

Alls nefndu 39% að tengsl þeirra byggðust á öðrum þáttum en þeim sem sérstaklega voru taldir upp. Þar má meðal annars nefna saumaklúbb, bændasamfélag, skólafélaga, hinsegin samfélag, kórastarf og vinatengsl. Þetta sýnir að félagsleg tenging verður til á fjölbreyttan og oft óformlegan hátt.

FINNUR ÞÚ FYRIR TENGINGU VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ



ERU EINHVERJIR SÉRSTAKIR HÓPAR SEM ÞÚ FINNUR TENGSL VIÐ Í SAMFÉLAGINU



AÐGENGI AÐ ÞJÓNUSTU

Viðmælendur voru beðnir að lýsa reynslu sinni af aðgengi að lykilþjónustu í sveitarfélögunum, þar á meðal heilbrigðisþjónustu, menntun, félagsþjónustu og atvinnutengdri þjónustu. Einnig var leitað eftir því hvort þeir hefðu mætt hindrunum eða áskorunum, hvað hefði reynst þeim sérstaklega hjálplegt og hvort upplifun þeirra af þjónustunni hefði breyst frá því þeir fluttu á svæðið.

Niðurstöðurnar sýna að meirihluti viðmælenda taldi sig hafa haft tiltölulega greiðan aðgang að helstu þjónustuþáttum. Aðgengi að menntun var metið best; 74% töldu það gott, 19% töldu það ekki gott og 8% sögðust ekki geta lagt mat á það. Þá töldu 62% að aðgengi að heilbrigðisþjónustu hefði verið gott, en 38% upplifðu það ekki sem fullnægjandi. Sambærilegt hlutfall, 62%, taldi aðgengi að félagsþjónustu gott, 23% töldu það ekki gott og 16% sögðust ekki vita. Hvað varðar atvinnutengda þjónustu töldu 68% að aðgengi væri gott, en 32% ekki.

Heildarmyndin bendir til þess að aðgengi viðmælenda að opinberri þjónustu hafi verið almennt sæmilegt á starfssvæðinu en tilefni sé til að taka til frekari skoðunar hvaða þættir liggi að baki hjá þeim sem svöruðu neitandi.

TELURÐU ÞIG HAFA GREIÐAN AÐGANG AÐ EFTIRFARANDI ÞJÓNUSTUÞÁTTUM



GÆÐI ÞJÓNUSTU

Þegar viðmælendur voru beðnir um að meta gæði helstu þjónustuþátta á kvarða frá einum upp í fimm reyndust niðurstöðurnar almennt yfir miðju og gefa til kynna fremur jákvæða en þó ekki óumdeilda upplifun. Menntaþjónusta hlaut hæstu meðaleinkunnina, 3,9, sem bendir til þess að þátttakendur hafi almennt verið sáttir við gæði skólastarfs og tengdrar þjónustu.

Heilbrigðisþjónusta og atvinnutengd þjónusta fengu báðar meðaleinkunnina 3,7, sem gefur til kynna að upplifun sé að mestu leyti jákvæð en að svigrúm sé til úrbóta. Lægsta einkunnin var veitt félagsþjónustu, 3,6, sem þó er enn yfir miðju kvarðans.

Í heild sýna þessar niðurstöður að erlendir íbúar meta gæði þjónustunnar í meðallagi og einkunnirnar benda til þess að ákveðnir þættir kunni að kalla á frekari skoðun til að tryggja að allir íbúar njóti jafns stuðnings og þjónustu.

GÆÐI ÞJÓNUSTU Á KVARÐANUM 1-5



EIGINDLEGAR NIÐURSTÖÐUR

Eigindleg greining viðtalanna byggði á þemagreiningu þar sem leitast var við að draga fram endurtekin mynstur í upplifun, viðhorfum og reynslu þátttakenda. Greiningin leiddi í ljós nokkur meginstef sem varpa ljósi á aðlögunarferli, stöðu og upplifun innflytjenda í íslensku samfélagi. Þemun snúa einkum að tungumáli, aðgengi að þjónustu, stöðu á vinnumarkaði, félagslegum tengslum, búsetulengd, tilfinningalegri vídd aðlögunar og upplifun af fordómum.

MEGIN ÞEMU

- Tungumál
- Félagsleg þátttaka
- Þjónusta og aðgengi að upplýsingum
- Mismunun og samfélagsviðhorf
- Atvinna og menntun
- Lýðræðisþátttaka

TUNGUMÁLIÐ SEM LYKILÞÁTTUR Í AÐLÖGUN

Greining viðtalanna sýnir með skýrum hætti að íslenskukunnátta er einn mikilvægasti þátturinn í upplifun viðmælenda af þátttöku og stöðu sinni í íslensku samfélagi. Tungumálið hefur ekki einungis áhrif á hagnýta þætti daglegs lífs, svo sem samskipti við stofnanir og vinnustaði, heldur einnig á sjálfstraust, sjálfsmynd og tilfinningu fyrir því að tilheyra. Þátttakendur lýsa því að færni í íslensku ráði miklu um hvort þeir upplifi sig sem virka þátttakendur eða jaðarsetta áhorfendur í samfélaginu.

Meirihluti viðmælenda lýsir yfir ánægju með íslenskunám sem þeir hafa sótt og telur það hafa nýst vel. Þeir sem eru síður ánægðir benda á að skipulag og gæði náms mættu vera markvissari. Fram kom að sumum fannst vanta framhaldsnámskeið og meiri talþjálfun. Einnig var bent á tímasetningu námskeiða, en þau fara oft fram síðdegis eða á kvöldin. Fyrir fólk í vaktavinnu eða með fjölskyldu getur slíkt fyrirkomulag verið veruleg hindrun. Barnafjölskyldur bentu á að möguleikar þeirra til að sækja íslenskunám væru takmarkaðir þar sem sjaldnast er boðið upp á nám á hefðbundnum vinnutíma og úrræði tengd barnagæslu eru af skornum skammti. Þannig verður formlegt aðgengi að námi ekki endilega raunhæft aðgengi í framkvæmd.

Margir þátttakendur lýsa því að lesskilningur þeirra sé betri en talfærni. Þeir „skilji meira en þeir geti sagt“, sem leiðir til óöryggis í samskiptum. Ótti við að gera málfræðivillur, bera fram orð með „röngum“ hreim eða verða misskilin kom reglulega fram. Í sumum tilvikum hafði þessi ótti hamlandi áhrif á virkni í bæði félagslegum og faglegum aðstæðum. Fólk forðaðist að taka til máls á fundum, spurði síður spurninga og dró sig jafnvel í hlé í félagslífi vegna þess að það treysti sér ekki til að tjá sig á íslensku.

Enska gegnir mikilvægu hlutverki sem öryggisnet í samskiptum, sérstaklega þegar um er að ræða flóknar eða viðkvæmar aðstæður. Margir lýsa því að það sé mjög auðvelt að nota ensku á Íslandi þar sem flestir skipti hratt yfir í ensku um leið og þeir heyra erlendan hreim. Þetta auðveldar aðgengi að upplýsingum og þjónustu til skamms tíma litið, en getur jafnframt dregið úr tækifærum til að æfa íslensku og styrkja sjálfstraust í notkun hennar. Einn viðmælandi lýsti því að þegar eitthvað væri mikilvægt og þyrfti að vera rétt sagt, skipti hún yfir í ensku til að forðast mistök. Þannig verður enska bæði brú og hindrun í aðlögunarferlinu.

Dæmi úr viðtölum sýna að samspil mismunandi námsleiða getur skipt sköpum. Einn viðmælandi tók námskeið hjá símenntunarmiðstöð, vann á leikskóla og notaði tungumálaapp til viðbótar. Hann taldi að netnám gæfi góðan grunn, formlegt námskeið hjálpaði honum að fá svör við spurningum og börnin á leikskólanum veittu mikilvæga daglega æfingu. Samsetningin væri lykilatriði. Aðrir bentu á áskoranir innan námskeiða, til dæmis þegar stór hluti þátttakenda deildi sama móðurmáli og samskipti færu fram á því máli frekar en íslensku. Einn viðmælandi lýsti því að hann hefði lært meira í eigin móðurmáli en íslensku á námskeiði þar sem margir töluðu móðurmál hans. Það upplifði hann mjög neikvætt þar sem markmið hans var að æfa íslensku. Á vinnustöðum þar sem enska er skilgreint vinnumál skapast heldur ekki skýr hvatning til að tileinka sér íslensku.

Tungumálið birtist þannig ekki eingöngu sem tæknileg færni heldur sem félagslegt og tilfinningalegt fyrirbæri sem tengist sjálfsmynd, valdatengslum og stöðu í samfélaginu. Að kunna íslensku snýst um meira en orðaforða og málfræði, það snýst um að geta tekið þátt, haft áhrif og fundið til öryggis í samskiptum.

Þá kom fram skýr krafa um aukinn og aðgengilegri tungumálastuðning, þar á meðal ókeypis íslenskunámskeið, jafnvel fyrir þá sem dvelja einungis tímabundið á landinu. Þeir sem koma til landsins í stuttan tíma til dæmis í sumarstörf hafa oft ekki rétt til endurgreiðslu frá verkalýðsfélögum og standa því frammi fyrir háum kostnaði ef þeir vilja læra íslensku. Margir töldu að að minnsta kosti grunnnám í íslensku ætti að vera í boði án endurgjalds, enda væri það lykill að bæði öryggi og virkri samfélagsþátttöku.

*Ég lærði íslensku þegar ég bjó í Reykjavík og kennslan fór fram á *mínu móðurmáli*, svo mér fannst hún mjög hjálpleg og ég lærði mikið. Ég tala líka ensku, en að fá kennslu á máli sem er líkt móðurmáli mínu er frábært.*

„Ég er að leita að samfélagshópum og öðru slíku líka, þar sem fólk vill æfa sig í íslensku. Ég held þó að námskeiðin, formlegu námskeiðin, höfði meira til mín vegna þess að ef þú ert að æfa þig með öðru fólki sem kann ekki íslensku, þá getur það haft neikvæð áhrif á útkomuna. Eins og haltur leiðir blindan.“

ÞJÓNUSTA OG AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM

Varðandi aðgengi að opinberri þjónustu lýsa þátttakendur misjafnri reynslu. Heilbrigðisþjónusta kemur almennt vel út í frásögnum þeirra sem hafa nýtt sér hana, en tungumálahindranir og upplýsingaskortur geta þó skapað óöryggi. Upplifun af félagsþjónustu var óljósari. Nokkrir þátttakendur töldu sig ekki hafa nægar upplýsingar um réttindi sín eða hvert ætti að leita með ákveðin mál. Þetta bendir til þess að formlegt aðgengi, það að þjónusta sé til staðar, sé ekki sjálfkrafa jafngilt raunverulegu aðgengi. Þekking á kerfinu, tungumálafærni og stuðningur úr tengslaneti skipta þar lykilmáli.

Atvinnutengd þjónusta var einnig metin með misjöfnum hætti. Sumir upplifðu stuðning og leiðsögn, en aðrir töldu kerfið flókið og erfitt yfirferðar. Í heild bendir greiningin til þess að aðgengi að þjónustu sé samspil kerfislegra þátta og einstaklingsbundinna aðstæðna. Margir benda á að tilvist tengiliðar, hvort sem er á vinnustað eða sem samfélagstengiliður, gæti komið í veg fyrir margvísleg vandamál. Slíkur aðili gæti veitt skýrar upplýsingar, fylgt málum eftir og vísað fólki á rétta staði innan kerfisins.

Frásagnir sýna einnig hvernig ábyrgð getur færst yfir á unga fjölskyldumeðlimi þegar formlegan stuðning skortir.

Einn viðmælandi lýsti því að hann hefði, 18–19 ára gamall, farið með fullorðnu pari til sýslumanns og túlkað fyrir þau í skilnaðarmáli. Hann upplifði aðstæður sem mjög óþægilegar og fannst hann vera settur í hlutverk sem hann hvorki hafði aldur né stöðu til að gegna. Í annarri frásögn lýsir ung manneskja því að hún sé daglega í hlutverki leiðbeinanda fyrir foreldra sína, svari tölvupóstum frá skóla fyrir hönd þeirra. Slíkar aðstæður varpa ljósi á kerfisbundinn skort á aðgengilegum túlka- og ráðgjafarúrræðum.

Í heild sýnir greiningin að tungumál og aðgengi að þjónustu eru nátengd fyrirbæri. Tungumálafærni eykur raunverulegt aðgengi að kerfinu, en skortur á skipulögðum stuðningi getur leitt til þess að einstaklingar, jafnvel börn og ungmenni, taki að sér hlutverk sem kerfið ætti að sinna.

“Já, já ég er alltaf það sko. Hvern einasta dag. Þegar það kemur eitthvað tölvupóst fyrir þeim eða til þeim frá skólanum, þarna, fyrir litlu systkinin þá er ég þá manneskjan sem svarar öllu og þykist vera, skilurðu, pabbi minn og mamma mín, skilurðu.”

“Mér líður vel hér og ég er ánægður með lífið og þjónustuna hér. Ég keypti mér hús hér og ætla búa hér í framtíðinni.”

ATVINNA OG MENNTUN

Menntunarstig viðmælenda var töluvert hátt sem getur haft áhrif á niðurstöðurnar. Menntunargrunnur þátttakenda spannaði þó breytt svið, allt frá grunnmenntun til framhalds- og háskólamenntunar. Í um helmingi tilfella kom fram að menntunin nýttist ekki að fullu á íslenskum vinnumarkaði.
Sumir þátttakendur lýstu því að fyrri menntun þeirra væri ekki metin að verðleikum eða að viðurkenningarferli væri flókið. Aðrir voru í störfum sem kröfðust minni menntunar en þeir bjuggu yfir. Tungumálafærni virðist þar gegna lykilhlutverki, bæði hvað varðar aðgengi að sérhæfðari störfum og möguleika á framgangi í starfi.
Fram kom að sumir viðmælendur teldu að heimamenn hefðu betri aðgang að störfum vegna tengsla, jafnvel þó þeir hefðu enga menntun í starfinu. Það virtist sem sambönd við yfirmenn væru ávísun á betri verkefni.

“Íslendingar halda að þeir séu best menntaðir í heiminum. Ef þú hefur lært annars staðar þá ertu ekki með rétta menntun. Maður fær ekki tækifæri til að fá menntun viðurkennda.”

*„Ókei, þetta er svolítið viðkvæmt mál. Ég er með háskólagráðu og vann í tæknigeiranum í *heimalandi* og ég... þar sem ég var hér sótti ég um alls konar störf en það var mjög erfitt fyrir mig að fá starfstengda vinnu. Já, það var mjög erfitt en ég vinn í leikskóla núna, ekki af því að ég vil heldur af því að það var það eina sem ég gat fundið sem var ekki eins og verkamannavinna.“*

Einn viðmælandi lýsti því að hann starfaði nú á leikskóla, þrátt fyrir að vera með háskólamenntun á öðru sviði. Hann sagði frá því að hann hefði sótt um fjölda starfa á sínu sérsviði en gengið illa að fá viðbrögð eða boð í viðtöl. Að lokum hafi leikskólastarf verið eina starfið sem hann gat fengið. Hann taldi líklegt að ráðningin hefði fremur byggst á tengslum en hefðbundnu umsóknarferli, sem vakti hjá henni blendnar tilfinningar.

Í upphafi taldi viðmælandi að takmörkuð íslenskukunnátta hefði verið helsta hindrunin á vinnumarkaði. Með tímanum hafi þó sú tilfinning breyst og hann upplifði frekar að uppruni hans og sú staðreynd að hann væri „ekki Íslendingur“ hefði meiri áhrif en tungumálið eitt og sér. Hann lagði þó áherslu á að leikskólinn mæti menntun hans og að hún fengi þar ákveðna viðurkenningu fyrir faglega þekkingu sína. Þrátt fyrir það lýsti hann sterkri löngun til að starfa á vettvangi sem samræmdist betur sérþekkingu hans og raunverulegri færni.

Annar viðmælandi lýsti allt annarri upplifun af aðlögun. Hann taldi búsetu í litlu þorpi hafa auðveldað aðlögunina verulega. Að hans mati var samfélagið opið og aðgengilegt og hann upplifði sig sem hluta af samfélaginu nánast frá upphafi. Hann nefndi sérstaklega jákvæð samskipti við samstarfsfólk sitt og sagðist hafa fengið mikla aðstoð og stuðning. Sú reynsla hafi haft afgerandi áhrif á vellíðan hans og tilfinningu fyrir því að tilheyra.

FÉLAGSLEG TENGSL OG ÞÁTTTAKA

Félagsleg tengsl komu fram sem einn mikilvægasti þátturinn í aðlögun. Vinnustaðurinn reyndist oft helsti vettvangur íslenskunotkunar og félagslegra samskipta við Íslendinga.
Það kom fram að tengsl utan vinnu væru í sumum tilvikum takmörkuð, sem gæti leitt til félagslegrar einangrunar. Þeir þátttakendur sem lýstu jákvæðum samskiptum við Íslendinga, þar sem sýnd var þolinmæði og stuðningur, töldu það hafa styrkt bæði tungumálafærni og sjálfstraust.
Greiningin undirstrikar þannig mikilvægi móttökusamfélagsins og viðhorfa þess í aðlögunarferlinu.
Menningarmunur í samskiptaháttum kom skýrt fram. Einn þátttakandi lýsti því hvernig skortur á hefðbundnu „smáspjalli“ gerði honum erfitt fyrir að mynda tengsl og leiddi til þess að hann upplifði sig óvinsælan. Misskilningur um hvaða spurningar væru viðeigandi í samtölum endurspeglaði mismunandi félagsleg viðmið.
Aðrir töldu erfitt að „komast inn í hópa“ og lýstu upplifun af félagslegri útilokun Íslendinga. Tungumálahindranir juku einangrun og takmörkuðu þátttöku.
Einn viðmælandi lýsti því að honum þætti erfitt að komast í nánari tengsl við Íslendinga. Hann upplifði að fólk héldi ákveðinni fjarlægð og að vinnufélagar væru fyrst og fremst samstarfsfólk en sjaldnast persónulegir vinir. Samtöl á vinnustað snerust að mestu um verkefni og dagleg störf, en sjaldan um persónuleg málefni eða einkalíf. Hann nefndi þó að veittar væru góðar og hagnýtar upplýsingar um viðburði og úrræði í samfélaginu. Sérstaklega nefndi hann bókasafnið sem mikilvægan vettvang til að mynda félagsleg tengsl, þar sem þar skapaðist rými fyrir óformleg samskipti og þátttöku.

“Ég er að reyna að ekki tjá mína skoðun- þetta er bara betra fyrir mig að halda munninn minn lokaðan.”

Annar viðmælandi hafði aðra sýn á samfélagið og taldi það almennt opið gagnvart innflytjendum. Hann benti á að næg atvinna væri til staðar og að bæjarbúar væru ánægðir með að fá fleiri hendur til starfa. Að hans mati skapaði þessi þörf fyrir vinnu ákveðna jákvæða afstöðu og auðveldaði fólki að fóta sig í nýju umhverfi.
Einn viðmælandi nefndi sérstaklega sinn heimabæ sem jákvæða fyrirmynd þegar kæmi að móttöku og aðlögun innflytjenda. Hann líkti móttöku nýrra íbúa við það að fá nýjan vinnufélaga: nauðsynlegt væri að taka á móti viðkomandi af alúð, sýna honum umhverfið og útskýra hvar hlutir væru og hvernig daglegt líf og starfsemi færi fram. Að hans mati felst góð aðlögun í virku, persónulegu utanumhaldi þar sem fólk fær skýrar upplýsingar og stuðning frá fyrsta degi.

„Mig langar að vera virkari í samfélaginu, en tungumálið heldur svolítið aftur af mér. Ég trúi því að þegar íslenskan mín batnar muni ég taka meiri þátt. Mér finnst gaman að læra og ég vil vera hluti af samfélaginu.“

Skýr tenging kom fram milli búsetulengdar og upplifunar af stöðu í samfélaginu. Þeir sem höfðu búið lengur á Íslandi lýstu auknu sjálfstrausti, betri yfirsýn yfir réttindi og kerfi, og meiri stöðugleika í atvinnu og félagslífi.
Nýrri íbúar lýstu hins vegar meiri óvissu, sérstaklega gagnvart tungumáli og opinberri þjónustu. Aðlögun birtist því sem stigbundið ferli þar sem tími, reynsla og tengslanet skipta sköpum.
Fólk með stöðu flóttafólks fær meiri aðstoð í upphafi búsetu og virðist aðlagast fyrr og lærir íslensku mun fyrr.

Eigindleg gögn sýna að aðlögun er ekki eingöngu hagnýtt eða kerfislegt ferli heldur tilfinningalegt. Þátttakendur lýstu bæði stolti yfir framförum í íslensku og vonbrigðum þegar samskipti gengu illa. Óöryggi í nýjum aðstæðum og þakklæti fyrir stuðning komu einnig fram.

V: "...Og, skilurðu, með ríkisborgararétt og allt það, sem mér finnst allt í lagi, skilurðu, mér er alveg sama, en kannski væri gott að gefa fólki sem er búið að reyna að læra eitthvað svona smá "reward," ég veit ekki orðið."
S: "Þannig að, svo ég skilji þig rétt, þú upplifir það að það sé ekki verið að meta það til fulls hvað þú hefur lagt á þig til þess að aðlagast samfélaginu."
V: "Já, já það er akkúrat í svona, frá þínum orðum, já."

Viðmælandinn lýsti því að hann upplifði það sem áskorun að komast inn í heimabyggðina, þar sem samfélagið væri lítið og mjög samheldið. Að hans mati gerði það að verkum að erfitt væri að „koma fæti sínum inn" og mynda djúp tengsl. Hann taldi að sterk innri tengsl íbúanna, sem hefðu þekkst lengi, gætu óafvitandi skapað ákveðna fjarlægð gagnvart nýju fólki.

Hann sagði frá því að samstarfskona hefði einu sinni boðið honum á viðburð. Viðburðurinn sjálfur hefði verið ánægjulegur og vel skipulagður, en hann upplifði sig samt sem utangarðs. Honum fannst sumir líta á sig með svip sem hann túlkaði sem spurningu: „Af hverju ertu hér?" Sú tilfinning sat í honum og gerði honum erfiðara fyrir að slaka á og njóta samverunnar.

Kona úr hópi viðmælena nefndi einnig að hún ætti engan sem „drægi hana með sér" á viðburði eða í félagsstarf, sem hún taldi skipta miklu máli í litlu samfélagi. Án slíks stuðnings væri erfiðara að mæta ein og taka frumkvæði að þátttöku. Þrátt fyrir það lýsti hún áhuga á að mynda tengsl, bæði við heimamenn og aðra innflytjendur. Hún benti þó á að tungumálaörðugleikar gætu stundum einnig haft áhrif í samskiptum meðal innflytjenda sjálfra, þar sem fólk kæmi frá ólíkum löndum og talaði mismunandi tungumál.

MISMUNUN OG SAMFÉLAGSVIÐHORF

Aðlögun reyndist vera tilfinningalegt ferli. Þátttakendur lýstu stolti yfir framförum, en einnig vonbrigðum og óöryggi. Tilfinning fyrir að tilheyra eða skorti á henni var endurtekið stef.

Sumir urðu vitni að fordómafullum ummælum um aðra hópa. Einn þátttakandi taldi sig njóta forréttinda vegna uppruna síns og húðlitar og vera því síður berskjaldaður fyrir mismunun. Aðrir töluðu um hversdagsfordóma, til dæmis athugasemdir um íslenskukunnáttu sem ekki væru endilega skilgreindar sem fordómar en hefðu engu að síður áhrif á líðan og sjálfsmynd.

Í frásögnum viðmælenda komu fram ólíkar upplifanir af fordómum og mismunun í íslensku samfélagi. Einn viðmælandi sagðist hafa heyrt Íslendinga tala neikvætt um aðra innflytjendahópa og lýsti undrun yfir því að sumir teldu sig geta greint uppruna fólks eingöngu út frá útliti. Viðmælandinn taldi líklegt að hann væri sjálfur meðhöndlaður með öðrum hætti en sumir aðrir innflytjendur, meðal annars vegna þess að hann kemur frá landi sem almennt er talið forréttindamikið. Hann sagðist ekki hafa orðið beint fyrir mismunun en hefði orðið vitni að fordómafullum athugasemdum um aðra.

Viðmælandi benti á að hversdagslegar athugasemdir, til dæmis um íslenskukunnáttu, væru oft ekki skilgreindar sem fordómar af þeim sem létu þær falla, þótt þær gætu haft áhrif á líðan og upplifun þeirra sem fyrir þeim yrðu. Þá kom fram að það að eiga íslenska unnustu hefði áhrif á viðmót fólks, viðmælandinn tók eftir því að fólk varð almennt vingjarnlegra þegar það áttaði sig á tengslunum við Íslending. Nokkrir viðmælendur höfðu upplifað mismunum frá öðrum innflytjendum frá ólíkum löndum.

Annar viðmælandi lýsti svipaðri reynslu að því leyti að hann hafði heyrt fordómafullar athugasemdir um aðra, en ekki upplifað þær beint gagnvart sjálfum sér. Enn annar viðmælandi sagðist ekki hafa upplifað mismunun á Íslandi. Hann nefndi þó að stundum upplifði hann sjálfan sig sem „öðruvísi“, en taldi þá tilfinningu fyrst og fremst koma innan frá en ekki vegna framkomu annarra. Hann upplifði að almennt væri hlustað á hann og tekið mark á skoðunum hans.

Á hinn bóginn kom einnig fram að sumir upplifðu félagslega fjarlægð sem birtist ekki endilega í beinum fordómum heldur í því að erfitt væri að komast inn í rótgróna hópa. Einn viðmælandi talaði sérstaklega um að Íslendingar hleyptu fólki ekki auðveldlega að sér og að það gæti verið áskorun að verða hluti af félagslegum tengslanetum, jafnvel þótt bein mismunun ætti sér ekki stað.

LÝÐRÆÐISÞÁTTTAKA

Í frásögnum viðmælenda kom fram að upplifun þeirra af stjórnmálum og þátttöku í sveitarstjórnarmálum væri mótuð bæði af fyrri reynslu og stöðu þeirra í íslensku samfélagi. Einn viðmælandi lýsti slæmri reynslu af pólitík í heimalandi sínu og sagðist eiga erfitt með að treysta stjórnmálafólki almennt. Sú reynsla hefði áhrif á viðhorf hans til stjórnmálaþátttöku hér á landi. Þrátt fyrir það taldi hann mikilvægt að innflytjendur ættu fulltrúa í sveitarstjórnum, enda gæti slíkt aukið traust og tryggt að sjónarmið þeirra fengju vægi í ákvarðanatöku.

Annar viðmælandi sagðist hafa haft sérstakan áhuga á ákveðnu málefni og því hafi verið auðvelt fyrir hann að nálgast upplýsingar og kynna sér stöðuna. Frásögn hans bendir til þess að aðgengi að upplýsingum sé til staðar, en að frumkvæði og áhugi skipti miklu máli þegar kemur að þátttöku.

Einn viðmælandi lagði fram ábendingu um að gagnlegt væri að hafa sérstakan fulltrúa sveitarfélagsins í hverju þéttbýli, svipað og þorpstjóra í heimalandi hans, þar sem slíkt fyrirkomulag hefði reynst vel. Að hans mati gæti slíkur tengiliður aukið nálægð stjórnkerfisins við íbúa og gert samskipti við sveitarfélagið skýrari og aðgengilegri.

Jafnframt kom fram gagnrýnin sýn á hvernig málefni innflytjenda væru meðhöndluð í pólitísku samhengi. Einn viðmælandi sagðist telja sig myndu leita að stjórnmálaflokki sem setti málefni innflytjenda ofarlega á dagskrá. Hann benti á að það væri of algengt að fólk af erlendum uppruna væri sett á framboðslista fyrst og fremst til að afla atkvæða, án þess að raunverulegur vilji væri til að hlusta á sjónarmið þeirra eða veita þeim áhrif.

Annar viðmælandi tók undir þá gagnrýni og sagði engan skýran pólitískan fulltrúa vera fyrir útlendinga. Að hans mati væri samfélagið að einhverju leyti lokað og hugmyndir frá erlendum aðilum fengju ekki nægilegt rými. Hann benti á að innflytjendur sæju samfélagið oft með „ferskum augum“ og gætu komið með gagnlegar úrbætur, en að hugmyndir þeirra fengju sjaldan hljómgrunn eða væru teknar alvarlega. Að hans mati, gerði þetta það erfiðara fyrir fólk af erlendum uppruna að ná fótfestu í sveitarstjórnarmálum eða hafa raunveruleg áhrif á ákvarðanatöku.

„Ég er ekki viss um hvort rödd mín heyrist – það er erfitt að meta það kannski. Ég held samt að það sé einhvers konar undirliggjandi hlutdrægni, að skoðanir Íslendinga séu teknar alvarlegar einfaldlega vegna þess að þeir eru Íslendingar en ég ekki. Ekki endilega gagnvart mér persónulega, heldur svona almennt.
Eins og innflytjendur hafi kannski ekki sömu sýn á landið eða... ég veit það ekki.“

SAMANTEKT

Félagsleg inngilding erlendra íbúa er margþætt ferli þar sem tungumál, aðgengi að þjónustu, staða á vinnumarkaði og félagsleg tengsl fléttast saman. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar reyndist tungumálið vera lykilþáttur í upplifun þátttakenda af stöðu sinni og þátttöku í samfélaginu. Íslenskukunnátta hafði áhrif á sjálfstraust, aðgengi að þjónustu og möguleika á vinnumarkaði. Margir lýstu því að þeir skildu meira en þeir gætu tjáð, sem skapaði óöryggi og dró úr virkni.

Upplifun af opinberri þjónustu var misjöfn. Þótt þjónusta væri formlega til staðar upplifðu sumir skort á upplýsingum, tungumálastuðningi og leiðsögn. Þetta bendir til að raunverulegt aðgengi ráðist ekki aðeins af framboði heldur einnig af þekkingu á kerfinu og stuðningi. Í sumum tilvikum færðist ábyrgð á samskiptum við stofnanir yfir á ungmenni innan fjölskyldna, sem varpar ljósi á þörf fyrir markvissari stuðningsúrræði.

Á vinnumarkaði nýttist menntun þátttakenda ekki alltaf að fullu. Tungumálafærni skipti þar miklu, en einnig komu fram vísbendingar um að tengslanet og uppruni hefðu áhrif á tækifæri og framgang. Félagsleg tengsl, sérstaklega á vinnustað, voru mikilvæg fyrir bæði tungumálanám og tilfinningu fyrir að tilheyra, en sumir upplifðu félagslega fjarlægð og fannst erfitt að komast inn í rótgróna hópa.

Lýðræðisleg þátttaka gat verið mótuð af fyrri reynslu, trausti til stjórnmála og tilfinningu fyrir því að rödd innflytjenda skipti máli. Sumir töldu mikilvægt að innflytjendur ættu fulltrúa í sveitarstjórnum, en gagnrýndu jafnframt að þeir væru stundum settir á framboðslista án raunverulegra áhrifa. Aðrir töldu samfélagið að einhverju leyti lokað fyrir nýjum hugmyndum og að sjónarmið innflytjenda fengju ekki nægilegt vægi.

Með lengri búsetu jókst öryggi viðmælenda og fólk fékk betri yfirsýn. Fordómar voru sjaldan beinir en hversdagslegar athugasemdir og félagsleg fjarlægð gátu haft áhrif á sjálfsmynd og líðan.

Í heild sýna niðurstöðurnar að aðlögun byggist ekki einungis á formlegum réttindum eða þjónustu, heldur á raunverulegu aðgengi, félagslegum tengslum og því hvort einstaklingar upplifa að þeir tilheyri samfélaginu og hafi þar rödd og áhrif.

HEIMILDIR

Ager, A., & Strang, A. (2008). Understanding Integration: A Conceptual Framework. *Journal of Refugee Studies*, *21*(2), 166-191. https://doi.org/10.1093/jrs/fen016

Braun, V., & Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology, 3*(2), 77–101. https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa

Buckingham, S. L., Brodsky, A. E., Rochira, A., Fedi, A., Mannarini, T., Emery, L., Godsay, S., Miglietta, A., Gattino, S. (2018). *Shared Communities: A Multinational Qualitative Study of Immigrant and Receiving Community Members. American Journal of Community Psychology, 62(1–2), 23–40. https://doi.org/10.1002/ajcp.12255*

Eyþórsson, G. T. (2019). *Samfélag án aðgreiningar: Kosningaþátttaka innflytjenda á Íslandi 2017 og 2018.* Frumskýrsla. Háskólinn á Akureyri. ISBN 978-9935-437-96-9.

Palinkas, L. A., Horwitz, S. M., Green, C. A., Wisdom, J. P., Duan, N., & Hoagwood, K. (2015). Purposeful Sampling for Qualitative Data Collection and Analysis in Mixed Method Implementation Research. *Administration and Policy in Mental Health, 42(*5), 533–544. https://doi.org/10.1007/s10488-013-0528-y

Penninx, R., & Garcés-Mascareñas, B. (2016). The Concept of Integration as an Analytical Tool and as a Policy Concept. Retrieved from OAPEN

Ragnarsdóttir, B. H., Bjarnadóttir, V. S., Hjálmsdóttir, A., & Þrastardóttir, B. (2020). *Konur af erlendum uppruna í íslensku velferðarsamfélagi: Staða á vinnumarkaði, félagsleg tengsl og líðan.* Retrieved from https://ojs.hi.is/index.php/tf/article/view/3998/2576



ÞEKKINGAR NETIÐ